



Útreikningur á skammtímaveikindum starfsfólks

Hægt er að nálgast upplýsingar um fjölda veikindadaga í Tímon (skýrslur/starfsmannahald/veikindayfirlit).

Mikilvægt er að greina á milli *fjölda skipta* annars vegar og *fjölda daga* í hvert sinn hins vegar. Með því að nota Bradford reikniformúluna er hægt að umbreyta fjölda veikindadaga yfir í stig. Fjöldi stiga segir svo til um hvaða aðgerða verður gripið til, samanber töflurnar hér fyrir neðan.

Athugið að þegar um flensu, aðgerðir, slys eða slíkt er að ræða, á ekki notast við Bradford kvarðann. Hann er eingöngu hugsaður til að bregðast við tíðum skammtímaveikindum.

$$B = S^2 \times D$$

B = Bradford stig **S = Skipti í burtu** **D = Dagar í senn**

Dæmi:

- 3 skipti í burtu: 1 dagur í eitt skipti, 3 dagar í annað skipti og 6 dagar í þriðja skipti
($3 \times 3 \times (1 + 3 + 6)$) = 90 stig
- 6 skipti í burtu: 3 dagar, 2 dagar, 1 dagur, 1 dagur, 2 dagar, 1 dagur ($6 \times 6 \times 10$) = 360 stig
- 9 skipti í burtu: 1 dagur í hvert sinn ($9 \times 9 \times 9$) = 729 stig

Miðað við 52 vikna tímabil:

100-499 stig: Viðtal hjá forstöðumanni
500-999 stig: Viðtal hjá mannauðsstjóra og aðgerðaáætlun.
+ 1000 stig: Viðtal hjá trúnaðarlækni í samráði við mannauðsstjóra og aðgerðaáætlun.

Miðað við síðustu 13 vikur:

25-124 stig: Viðtal hjá forstöðumanni
125-249 stig: Viðtal hjá mannauðsstjóra og aðgerðaáætlun.
+ 250 stig: Viðtal hjá trúnaðarlækni í samráði við mannauðsstjóra og aðgerðaáætlun.